

**Stjórnarfundur FEB nr. 439**  
**Þriðjudagur 21.1.2020 kl. 10:00**

Mætt: Ellert B. Schram, Finnur Árnason, Guðrún Árnadóttir, Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri og Dýrleif Guðjónsdóttir. Janus Guðlaugsson og Daði Janusson undir seinni lið fundarins.

Fjarverandi: Sigríður Snæbjörnsdóttir, Kári Jónasson, Þorbjörn Guðmundsson.

Dagskrá:

**1. Kynning á tilvonandi framkvæmdastjóra FEB.**

Dýrleif Guðjónsdóttir hefur verið í viðræðum við félagið um að koma til starfa sem framkvæmdastjóri FEB. Dýrleif er viðskiptafræðingur frá HÍ og með áratuga starfsreynslu úr bankageiranum. Dýrleif kynnti sig fyrir stjórninni. Stjórnin býður Dýrleif velkomna til starfa sem framkvæmdastjóri. Varaformanni og GÁ falið að ganga frá samningi við Dýrleif.

**2. Heilsuefling Janusar kynning**

FEB hefur sótt um styrk úr Lýðheilsusjóði með það að markmiði að hrinda af stað verkefni heilsueflingar sem Janus Guðlaugsson hefur rekið með góðum árangri í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum.

Janus Guðlaugsson mætti á fund stjórnar FEB ásamt syni sínum Daða til að kynna verkefnið og ræða hvernig hægt væri að koma þessu verkefni á koppinn í Reykjavík. Samþykkt að reyna að ná sameiginlegum fundi FEB og Janusar heilsueflingar með Reykjavíkurborg. Í þeim sveitarfélögum þar sem þetta er rekið nú þegar, eru það sveitarfélögin sem styðja við bakið á verkefninu.

Fleira ekki á dagskrá og fundi slitið.

Fundi slitið 11.30

ÓÖI